

Reykjavík 1.11.2018

Dýraverndunarfélagið VILLIKETTIR kt. 710314-1790, óskar eftir samstarfi við Ísafjarðarbæ og viðurkenningu á aðferðafræði sinni sem kennd er við TNR (Trap-Neuter-Return) eða Fanga–Gelda–Skila.

TNR stendur fyrir Trap-Neuter-Return og er mannúðleg og áhrifamikil leið til að stemma stigum við fjölgun villi- og vergangskatta. Aðferðin hefur verið notuð í áratugi í Bandaríkjunum og Evrópu eftir að rannsóknir á aðferðinni reyndust skila árangri í því að bæta líf villi- og vergangskatta, bæta sambúð þeirra við manninn og fækka þeim með tímanum. Að auki hefur aðferðin reynst spara sveitarfélögum góðar upphæðir sem annars hefðu farið í kostnað við þjónustu meindýraeyða.

Sveitarfélögum ber skylda til ýmssa athafna skv. lögum um velferð dýra, s.s. til smölunar og handsömunar í vissum tilvikum (23. og 24. gr.) og til að hjálpa bjargarlausum dýrum, sbr. 7. gr. laganna. Almennum borgurum ber einnig skylda skv. 1. mgr. 7. gr. laganna að veita sjúkum, særðum og bjargarlausum dýrum umönnun. Á þeirri lagagrein byggist starf VILLIKATTA fyrst og fremst.

Sveitarfélög geta, skv. 3. gr. 24. gr. laganna, falið öðrum að framkvæma skyldur sveitarfélagsins skv. 1. og 2. mgr. 24. gr. með sérstökum samningi.

VILLIKETTIR óska hér með eftir slíkum formlegum samningi við Ísafjarðarbæ til að ekki sé neinn vafi um heimildir VILLIKATTA til að sinna dýravelferð í bæjarlandi Ísafjarðar.

Einnig óskar Dýraverndunarfélagið VILLIKETTIR eftir viðurkenningu Ísafjarðarbæjar á merkingum félagsins á villiköttum sem hafa farið í gegnum TNR prógrammið og líti svo á að eyrnamerkingar félagsins á geldum villiköttum sé næg staðfesting á að þarna sé um villikött að ræða sem séð er um af hálfu félagsins VILLIKATTA og muni í öllum tilfellum leita til félagsins ef skjólstæðingar þess koma til afskipta sveitarfélagsins.

5 sveitafélög hafa gert samskonar samning við félagið Villiketti, Hafnarfjörður, Reykjanesbær, Sandgerði, Vestmannaeyjar og Hveragerði.

Kveðja,
Stjórn Villikatta